

# Rannsóknir á fiski og botnlægum hryggleysingjum innan og utan veiðisvæða dragnótar árið 2011 og 2013

Lokaskýrsla

Þorleifur Eiríksson<sup>1</sup>, Halldór G. Ólafsson<sup>2</sup> Guðmundur V.  
Helgason<sup>3</sup> og Böðvar Þórisson<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Náttúrustofa Vestfjarða, <sup>2</sup>Biopol, <sup>3</sup>Líffræðistofnun Háskólans

Ágúst 2014  
NV nr. 10-14

## Útdráttur

Meginmarkmið verkefnisins var að rannsaka áhrif dragnótaveiða á fisk og dýralíf í og við sjávarbotn. Rannsóknin var á þremur svæðum á Norðurlandi og einu á Vestfjörðum. Á Norðurlandi voru valin svæði við Hvammstanga í Miðfirði, Skagaströnd í Húnaflóa og í Skagafirði, en á Vestfjörðum var valið svæði í Önundarfirði. Skýrsla kom út árið 2012 og var farið í fleiri sýnatökur í Skagafirði og við Skagaströnd árið 2013 og eru niðurstöður úr þeirri rannsókn tíundaðar í þessari skýrslu.

Veiðar hafa verið með ákveðnum takmörkunum í Húnaflóa frá 1998 og frá 7. júní 2010 hafa veiðar verið bannaðar innan Sölvabakka og Fáskrúðsskers. Veiðibann með dragnót hefur verið innst í Skagafirði (Fagranes-Elínarhólmi) allt frá 1. september 1998 og svo utar (Þórðarhöfði-Ásnef) frá 7. júní 2010.

Tekin voru botnsýni við Skagaströnd og í Skagafirði árið 2013. Einnig voru sett út net í Skagafirði árið 2013. Upplýsingar um sókn dragnótabáta fékkst frá Hafrannsóknarstofnun með leyfi Fiskistofu. Sóknargögnin koma á ákveðna gps punkta og eru u.þ.b. 1850 m á milli þeirra í N/S og 760 m í A/V. Sýni frá ákveðnum botnsýnastöðvum voru sett í kornastærðargreiningu.

Við Skagaströnd voru flestir hópar/tegundir á stöð H en fjöldinn svipaður á hinum tveim stöðvunum. Áberandi var meira af lindýrum á stöð H en hinum stöðvunum. Engin ein tegund var yfirgnæfandi á stöð H en á hinum stöðvunum var burstaormurinn *Prionospio steenstrupi* algengastur. Í Skagafirði voru fleiri hópar/tegundir á stöð K en á stöð J. Engin ein tegund var áberandi á stöð K en þó var mest af burstaormstegundunum *Maldane sarsi* og *Chaetozone setosa*. Á stöð J var það burstaormstegundin *Prionospio steenstrupi* sem var algengastur ásamt gljáhnýtlu.

Reiknaður var út fjölbreytileiki botndýrasamfélaga fyrir stöðvar við Skagaströnd og í Skagafirði, bæði árin (2011 og 2013). Fjölbreytileikinn var hæstur á stöð H við Skagaströnd en einnig nokkuð hár á stöð I við Skagaströnd og stöð K í Skagafirði árið 2013. Í fyrri athuguninni var hann hæstur á stöð E við Skagaströnd. Lægstur er fjölbreytileikinn á stöð I og J í Skagafirði. Flestar stöðvar voru með um 90% af kornastærð sem var minni 63 µm. Kornastærð á stöð A og K í Skagafirði var þó yfir 70% með stærri 63 µm. Við Skagaströnd var meiri dreifing á kornastærðinni með tillit til stöðva. Þorskur og ýsa veiddist aðallega í netin og var mest í trossu nr. T6.

Sókn dragnótabáta hefur verið mest vestur og norður af Skagaströnd. Í Skagafirði dreifst þetta nokkuð um fjörðinn en þó mest innan Hofsóss. Áhrifin af dragnótaveiðum á dýralíf er ekki vel greinileg en þó virðist vera færri skeldýr þar sem veiðiálag hefur verið mikið. Einnig er hár fjölbreytileiki á svæðum þar sem lítið álag hefur verið en það má líka rekja til grófari botns. Rannsókn þessi sýnir að það þarf að skoða betur veiðigögn til að sjá hvar álags blettirnir eru, því einföld skipting á milli friðaða og ófriðaða svæða fyrir dragnót gefur takmarkaða upplýsingar um veiðiálagið. Einnig er langt á milli gps punkta sem sýna hvar veiðin hefur farið fram og þarf hnitsetningin vera nákvæmari fyrir rannsóknina. Það þarf langtímarannsókn á svæðum þar sem álagið er mikið ár eftir ár.

**Efnisyfirlit**

|  |           |
|--|-----------|
| <b>Útdráttur</b> .....   | <b>2</b>  |
| <b>Inngangur</b> .....   | <b>4</b>  |
| <b>Aðferðir</b> .....  | <b>5</b>  |
| <b>RANNSÓKNARSVÆÐI</b> .....   | <b>5</b>  |
| <i>Skagaströnd</i> .....   | <i>5</i>  |
| <i>Skagafjörður</i> .....  | <i>6</i>  |
| <b>SÝNATAKA</b> .....  | <b>7</b>  |
| <i>Botndýr</i> .....   | <i>7</i>  |
| <i>Mat á fjölbreytni botndýra</i> .....  | <i>8</i>  |
| <i>Kornastærðagreiningar</i> .....   | <i>8</i>  |
| <i>Netaveiði</i> .....   | <i>9</i>  |
| <b>SÓKN DRAGNÓTABÁTA Í SKAGAFIRÐI OG VIÐ SKAGASTRÖND</b> .....                         | <b>9</b>  |
| <b>Niðurstöður</b> .....   | <b>9</b>  |
| <b>BOTNDÝR</b> .....   | <b>9</b>  |
| <b>KORNASTÆRÐ</b> .....  | <b>16</b> |
| <b>NETAVEIÐI</b> .....   | <b>18</b> |
| <b>SÓKNARGÖGN DRAGNÓTAR</b> .....  | <b>20</b> |
| <b>Umræður</b> .....   | <b>22</b> |
| <b>ÞAKKIR</b> .....  | <b>24</b> |
| <b>Heimildaskrá</b> .....  | <b>24</b> |
| <b>Viðauki I. Flokkun og greining botndýra fyrir fjölbreytileika útreikninga</b> ..... | <b>26</b> |

## Inngangur

Veiðar með dragnót hafa verið stundaðar lengi umhverfis landið (Atli G. Atlason 2005; Hrafnkell Eiríksson 2008). Dragnótin var í öndverðu aðallega ætluð til þess að veiða flatfisk, einkum skarkola, en hefur á seinni árum verið þróuð til þess að veiða bolfisk.

Skiptar skoðanir eru um áhrif dragnótaveiða á lífríki botnsins (t.d. Guðrún G. Þórarinsdóttir o.fl. 2010; Haraldur A. Einarsson og Guðrún G. Þórarinsdóttir 2010). Því miður hefur umræðan verið lituð af mismunandi hagsmunum t.d. fara línuveiðar og dragnót oft illa saman, sem hefur áhrif á umræðuna og ýmiskonar hagsmunaárekstrar vegna þessa.

Dregin veiðarfæri hafa áhrif á lífríki botnsins (Watling and Norse 1998; Turner o.fl. 1999). Áhrifin hafa verið skoðuð víða, sérstaklega botnvörpu (Gilkingson o.fl. 1998; Collie 2000; Kaiser o.fl. 2002; Hiddink o.fl. 2006; Dimech o.fl. 2008; Stefán Áki Ragnarsson og Mats Lindegarth 2009), en áhrif dragnótar hafa minna verið skoðuð (Jones 1992; Guðrún G. Þórarinsdóttir o.fl. 2010; Valtýr Sigurðsson 2012).

Áhrif dragnótar eru væntanlega mismikil eftir því hvernig undirlagið er og sérstaklega á hversu mikilli hreyfingu undirlagið er, þ.e. því meiri hreyfingu sem undirlagið er því minni eru sérstök áhrif dragnótaveiða (Auster 1998).

Ennfremur má telja að áhrifin séu mest á dýralíf í setinu, líklega mismunandi eftir því hvort botninn er sandur, leir, þéttur leir o.s.v.frv. Þannig hefur það á áhrif á hversu þéttur botninn er, hversu fljótt samfélög endurnýjast (Thrush et.al. 1996). Einnig geta verið áhrif dragnótar á fiska t.d. áhrif á seiði (eftir tíma árs), eða áhrif á fiska sem nýta fæðu í setinu t.d. skeljar. Áhrifin geta einnig farið eftir gerð dragnótarinnar (sjá t.d. Hrafnkell Eiríksson 2008).

Af þeim ástæðum sem hér hafa verið nefndar sést að nauðsynlegt er að taka sýni af mörgum svæðum og velja margar stöðvar innan hvers svæðis til að minnka mun á áhrifum dreifingar búsvæða innan svæðis og mismunandi sóknar með dragnót.

Rannsóknarverkefnið “Rannsókn og vöktun á veiðisvæðum dragnótar eða “Research and monitoring of seine fishing areas” hófst árið 2010 í samstarfi Náttúrustofu Vestfjarða, Biopol – Sjávarlíftækniáskilnaðar og Líffræðistofnunar háskólans, en verkefnið var styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Áður hafa verið gefnar út áfangaskýrslur um verkefnið (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2011, Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012) og BS ritgerð sem fjallaði um hluta af efniviði verkefnisins, þ.e. „Áhrif dragnótaveiðibanns á fiska í Miðfirði“ (Valtýr Sigurðsson 2012).

Meginmarkmið verkefnisins var að rannsaka áhrif dragnótaveiða á fiska og dýralíf í og við sjávarbotn. Rannsóknin var á þremur svæðum á Norðurlandi og einu á Vestfjörðum. Á Norðurlandi voru valin svæði við Hvammstanga í Miðfirði, Skagaströnd í Húnaflóa og í Skagafirði, en á Vestfjörðum var valið svæði í Önundarfirði.

Það var ljóst með áfangaskýrslunni 2012 (Þorleifur Eiríksson o.fl.) að verkefnið var flókið vegna breytilegra lokanna (fríðanna) og umhverfisaðstæðna. Það var því ákveðið að leggja áherslu á Skagaströnd (Húnaflói) og Skagafjörð, taka þar fleiri botnsýni en einnig veiða með netum í Skagafirði árið 2013. Einnig er ljóst að veiðisóknin sýnir betur hvað álagið getur verið mikið/lítið á ákveðnum svæðum/reitum, en endilega línur sem afmarka friðuð og ófriðuð svæði. Í þessari skýrslu eru því birt sóknargögn sem fengin hafa verið frá


Hafrannsóknarstofnun með leyfi Fiskistofu.

## Aðferðir

### Rannsóknarsvæði

#### Skagaströnd


Veiðar hafa verið með ákveðnum takmörkunum í Húnaflóa frá 1998 og frá 7. júní 2010 hafa veiðar verið bannaðar innan Sölvabakka og Fáskrúðsskers (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012). Á mynd 1 má sjá sýnatökustöðvar (sjá síðar umfjöllun) og afmörkun á friðaða svæðinu við Skagaströnd.



Mynd 1. Sýnatökustöðvar og afmörkun friðaðs svæðis fyrir dragnót við Skagaströnd.

## Skagafjörður

Dragnótaveiðar hafa verið stundaðar í innanverðum Skagafirði frá 1987 en í litlu magni þar til 2001 (Guðrún G. Þórarinsdóttir o.fl. 2010). Veiðibann með dragnót hefur verið innst í Skagafirði (Fagranes-Elínarhólmi) allt frá 1. september 1998 og svo utar (Þórðarhöfði-Ásnef) frá 7. júní 2010 (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012 og gildir það til 31. ágúst 2015. Á mynd 2 má sjá sýnatökustöðvar (sjá síðar umfjöllun) og afmörkun friðaðs svæðis fyrir dragnót árið 1998 og svo frá 2010.



Mynd 2. Sýnatökustöðvar og afmörkun friðaðs svæðis fyrir dragnót í Skagafirði.

## Sýnataka

### Botndýr

Notuð var Van Veen greip við sýnatökuna en hún tekur sýni að flatarmáli 200 cm<sup>2</sup>. Greipin er látin síga með færavindu. Sýni er nothæft ef greipin er lokuð þegar hún kemur upp og það er set í greipinni.

Tekin voru þrjú til fimm sýni á hverri stöð til greiningar á botndýralífi. Skráð var setgerð, litur á sýninu, sérstök lykt og hvort lífverur sáust (tafla 1). Þegar lykt er skráð þá er átt við að það finnist brennisteinslykt af sýninu en ekki útilokað að um aðra lykt sé að ræða þegar hún er væg (lítill).

Botndýrasýnin voru fest í formalíni (5-10%) og boraxi bætt út í svo skeljar skeldýra leystust ekki upp. Formalíni er síðan hellt af sýnunum eftir nokkra daga og alkóhól (70%) sett í staðinn.

Við Skagaströnd voru tekin sýni á stöð G-I daganna 12-13. júní 2013 og í Skagafirði (J, K) 19. júní 2013. Staðsetningar, fjöldi sýna og lýsing má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Staðsetningar, dýpi og lýsingar og botnsýnum við Skagaströnd 2011 (A-F) og 2013 (G-I).

| Stöð | Staðsetning           | Dýpi (m) |
|------|-----------------------|----------|
| A    | N65°50.652 V20°22.466 | 75,4     |
| B    | N65°51.850 V20°22.814 | 80,1     |
| C    | N65°53.364 V20°24.444 | 88,4     |
| D    | N65°54.983 V20°27.155 | 112,0    |
| E    | N65°41.519 V20°24.587 | 41,5     |
| F    | N65°43.293 V20°25.735 | 60,2     |
| G    | N65°47,560 V20°22,040 | 89,3     |
| H    | N65°45,600 V20°20,340 | 47,4     |
| I    | N65°44,220 V20°20,340 | 56,4     |

Stöðvar A-F voru með svartleita grófa leðju en þó var hún aðeins fínkornóttari á ystu stöðvunum. Stöðvar G og I voru svipaðar en H var tekin á hörðum botni (tafla 2).

Tafla 2. Staðsetningar, dýpi og lýsing botnsýnastöðva í Skagafirði 2011 (A-I) og 2013 (J, K).

| Stöð | Hnit                  | Dýpi (m) |
|------|-----------------------|----------|
| A    | N65°53,302 V19°41,525 | 88       |
| B    | N65°53,374 V19°37,860 | 110      |
| C    | N65°53,525 V19°29,897 | 111      |
| Da   | N65°51,195 V19°25,705 | 51,9     |
| Db   | N65°51,229 V19°25,701 | 53,5     |
| E    | N65°49,660 V19°36,633 | 92,2     |
| F    | N65°50,794 V19°37,378 | 106      |
| G    | N65°48,157 V19°27,934 | 38,2     |
| H    | N65°47,036 V19°35,578 | 76,0     |

|   |                       |      |
|---|-----------------------|------|
| I | N65°47,880 V19°36,242 | 76,1 |
| J | N65°48,791 V19°35,848 | 91,8 |
| K | N65°54,790 V19°42,58  | 72,2 |

### Mat á fjölbreytni botndýra

Fjölbreytni var metin með Shannon-Wiener fjölbreytnistuðlinum  $H'$  (Grey et. al 1992; Brage og Thélin 1993). PRIMER 5 forritið var notað við útreikninga. Fjöldi þráðorma (Nematoda) var ekki notaður við útreikninga og sumar tegundir voru sameinaðar í ættkvísl eða ætt. Flokkunin sem liggur til grundvallar fyrir útreikninga er í viðauka I en til viðbótar voru notuð botndýragögn frá tveimur stöðvum (D, E) við Skagaströnd og fimm (A, B, D, F, G) úr Skagafirði sem eru í skýrslunni frá 2012 (Þorleifur Eiríksson o.fl.) en allar greiningar eru í töflum í niðurstöðum.

Shannon-Wiener fjölbreytnistuðullinn  $H'$ :

$$H' = - \sum_{i=1}^S p_i \log_2 p_i$$

þar sem:

$S$  = fjöldi tegunda,

$p_i$  = hlutdeild af heildarsýni, sem tilheyrir tegund  $i$ .

Þessi hækkar eftir því sem fjölbreytileiki eykst og er stuðullinn hæstur ( $H'_{max}$ ) þegar fjöldi einstaklinga er sá sami hjá öllum tegundum.

$$H'_{max} = - \sum_{i=1}^S \frac{1}{S} \log_2 \frac{1}{S} = \log_2 S$$

Einsleitnistuðullinn  $J'$ , er nátengdur Shannon-Wiener stuðlinum, en sýnir hvort jafnræði er milli tegunda, eða ein eða fáar tegundir eru sérstaklega áberandi. Stuðullinn lækkar þegar það gerist, en hann getur mest orðið 1.

Einsleitnistuðullinn  $J'$ :

$$J' = \frac{H'}{H'_{max}}$$

### Kornastærðagreiningar

Sýni voru tekin með Van Veen greip. Hvert sýni var sett í 4 L fötu. Sýni til úrvinnslu voru frá stöðvum A-K í Skagafirði og E-I við Skagaströnd.

Við úrvinnslu var vatni hellt af róglega af yfirborði hvers sýnis. Sýnin voru síðan hrærð vel áður en tekið var hlutsýni af þeim. Hvert sýni var sett á álbakka og það síðan þurrkað við 80°C yfir nótt. Sýnin voru síðan leyst upp í vatni og sigtuð með 63  $\mu$ m sigti. Það sem varð eftir í sigtinu var sett í álbakka og þurrkað yfir nótt. Við hverja meðhöndlun voru sýnin vigtuð og fékkst þar með skipting á kornastærð undir og yfir 63  $\mu$ m. Að lokum var skoðuð



dreifing kornastærðar hvers sýnis sem var stærra en 63  $\mu\text{m}$  en til þess voru notuð sigtaröð: 63, 125, 250, 500  $\mu\text{m}$  og 1, 2, 4, 8, 11, 20, 16, 22 og 40 mm.

### Netaveiði

Tafla 3. Staðsetningar og dýpi netalagna við Skagaströnd. Lega (klst) þeirra í sjó 9. nóvember 2011.

| Trossa nr | Staðsetning             | Dýpi m | Lagt kl | Dregið kl | Lega (klst) |
|-----------|-------------------------|--------|---------|-----------|-------------|
| T1        | N 65°41,550 V 20°24,390 | 41,4   | 09:08   | 15:05     | 6           |
| T2        | N 65°43,280 V 20°25,730 | 60,2   | 09:27   | 16:00     | 6,5         |
| T3        | N 65°50,720 V 20°22,480 | 79,0   | 10:23   | 17:10     | 6,78        |
| T4        | N 65°53,370 V 20°24,370 | 94,0   | 10:47   | 17:40     | 6,88        |
| T5        | N 65°54,900 V 20°27,160 | 114,7  | 11:02   | 18:20     | 7,3         |

Lagðar voru út netatrossur í Skagafirði 15. nóvember 2011 (T1-T5) og 19. júní 2013 (T6-T8). (tafla 3).

Net voru lögð við Skagaströnd 9. nóvember 2011 (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012) og má sjá staðsetningar, dýpi og legu þeirra í töflu 4.

Tafla 4. Staðsetningar og dýpi netalagna og lega (klst) þeirra í Skagafirði 2011 (T1-T5) og 2013 (T6-T8).

| Trossa nr. | Staðsetning             | Dýpi (m) | Lagt kl | Dregið kl | Lega (klst) |
|------------|-------------------------|----------|---------|-----------|-------------|
| T1         | N 65°53,040 V 19°40,760 | 74,4     | 07:10   | 12:45     | 5,58        |
| T2         | N 65°50,850 V 19°38,640 | 72,9     | 07:40   | 13:20     | 5,66        |
| T3         | N 65°51,050 V 19°26,080 | 53,4     | 08:30   | 14:15     | 5,75        |
| T4         | N 65°48,280 V 19°27,170 | 26,3     | 09:00   | 15:00     | 6           |
| T5         | N 65°47,620 V 19°36,320 | 72,0     | 09:34   | 15:45     | 6,18        |
| T6         | N 65°54,900 V 19°42,970 | 62,7     | 10:40   | 15:20     | 4,3         |
| T7         | N 65°53,300 V 19°37,800 | 110      | 11:07   | 15:48     | 4,8         |
| T8         | N 65°48,790 V 19°36,420 | 39       | 11:52   | 17:00     | 5,13        |

### Sókn dragnótabáta í Skagafirði og við Skagaströnd

Aflagögn fengust frá Hafrannsóknastofnun frá árinu 2007 til 2011 með leyfi Fiskistofu. Gögnin eru frá Skagafirði, Húnaflóa og Önundarfirði. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa unnið gögnin þannig að aflí eftir tegundum er tengdur við ártal, reit og hnit. Gögnin hafa síðan verið unnin myndrænt af samstarfsaðilum.

Sóknargögnin koma á ákveðna gps punkta og eru u.þ.b. 1850 m á milli þeirra í N/S og 760 m í A/V. Sóknargögn geta því lent innan fríðaðs svæðis þó sóknin haf verið rétt fyrir utan línuna. Eitthvað af punktum lentu inn á landi eða á öðrum ólíklegum svæðum. Þetta getur verið vegna slæms sambands við gervihnött á meðan veiðum stóð og var þessum punktum sleppt.

### Niðurstöður

#### Botndýr

Við Skagaströnd voru flestir hópar/tegundir á stöð H en fjöldinn svipaður á hinum tveim stöðvunum (tafla 5). Áberandi var meira af lindýrum á stöð H en hinum stöðvunum. Engin ein tegund var yfirgnæfandi á stöð H en á hinum stöðvunum var burstaormurinn *Prionospio steenstrupi* algengastur.

Tafla 5. Fjöldi botnlægra hryggleysingja af mismunandi tegundum eða hópum á þremur stöðvum við Skagaströnd. Fjöldi sýna fimm nema á stöð G en þar eru þau þrjú.

| Fylking – Hópur – Ætt - tegund | Íslenskt         | Skagaströnd stöðvar |     |      |
|--------------------------------|------------------|---------------------|-----|------|
|                                |                  | G                   | H   | I    |
| <b>Nemertea</b>                | <b>Ranaormar</b> | 8,0                 | 1,4 | 3,8  |
| <b>Sipuncula</b>               |                  |                     | 0,2 |      |
| <b>Echiura</b>                 |                  |                     |     | 0,8  |
| <b>Cnidaria</b>                | <b>Hveldýr</b>   |                     |     |      |
| Anthozoa                       |                  |                     |     |      |
| Actiniidae                     |                  |                     | 0,2 |      |
| <b>Mollusca</b>                | <b>Lindýr</b>    |                     |     |      |
| Bivalvia                       | Samlokur         |                     |     |      |
| Bivalvia                       |                  |                     | 0,6 | 0,2  |
| Arcticidae                     |                  |                     |     |      |
| <i>Arctica islandica</i>       | Kúfskel          |                     |     | 0,2  |
| Astartidae                     |                  |                     |     |      |
| <i>Astarte</i> sp(p).          |                  |                     | 1,4 | 0,2  |
| Cardiidae                      |                  |                     |     |      |
| <i>Ciliatocardium ciliatum</i> | Báruskel         |                     | 0,8 |      |
| Mytilidae                      |                  |                     |     |      |
| <i>Mytilus edulis juv.</i>     | Kræklingur       |                     |     |      |
| <i>Musculus discors</i>        |                  |                     | 1,0 | 0,2  |
| <i>Modiolus modiolus</i>       |                  |                     | 0,2 |      |
| <i>Crenella decussate</i>      |                  |                     | 3,4 |      |
| Myidae                         |                  |                     |     |      |
| <i>Mya</i> sp(p).              |                  |                     | 0,4 |      |
| <i>Mya truncata</i>            | Smyrslingur      |                     | 0,2 |      |
| Nuculanidae                    |                  |                     |     |      |
| <i>Nuculana pernula</i>        | Trönuskel        | 0,3                 | 2,6 | 0,8  |
| Nuculidae                      |                  |                     |     |      |
| <i>Ennucula tenuis</i>         | Gljáhnyta        | 8,3                 | 0,2 | 14,2 |
| Semelidae                      |                  |                     |     |      |
| <i>Abra nitida</i>             | Lýsuskel         | 0,3                 |     |      |
| Tellinidae                     |                  |                     |     |      |
| <i>Macoma calcarea</i>         | Hallloka         |                     | 0,2 |      |
| Thyasiridae                    |                  |                     |     |      |
| <i>Thyasira flexuosa</i>       | Hrukkubúlda      | 1,0                 |     | 1,2  |
| Gastropoda                     | Sniglar          |                     |     |      |
| Lepitidae                      |                  |                     |     |      |
| <i>Lepeta caeca</i>            | Haðarhetta       |                     | 4   |      |
| <i>Pilidium fulvum</i>         | Goðahetta        |                     | 0,2 |      |
| Mangelidae                     |                  |                     |     |      |
| <i>Curtitoma trevelliiana</i>  | Gárabeli         |                     | 0,4 |      |
| Velutinidae                    |                  |                     | 0,2 |      |
| Retusidae                      |                  |                     |     |      |
| <i>Retusa pertenuis</i>        | Toppsnubba       |                     |     | 1,2  |
| Nudibranchiata                 | Bertáknar        |                     | 0,2 |      |
| Polyplacophora                 |                  |                     |     |      |
| <i>Ischnochiton albus</i>      | Ljósanökkvi      |                     | 0,8 |      |
| <b>Annelida</b>                | <b>Liöðýr</b>    |                     |     |      |
| Clitellata                     |                  |                     |     |      |
| Oligochaeta                    | Ánar             |                     |     |      |
| <i>Tubificoides kozloffii</i>  |                  |                     | 2,8 |      |
| Hirundea                       | Iglur            |                     | 0,8 |      |

| Fylking – Hópur – Ætt - tegund   | Íslenskt    | Skagaströnd stöðvar |     |     |
|----------------------------------|-------------|---------------------|-----|-----|
|                                  |             | G                   | H   | I   |
| Polychaeta                       | Burstaormar |                     | 0,2 |     |
| Ampharetidae                     |             | 0,3                 |     | 0,4 |
| <i>Melinna cristata</i>          |             |                     |     |     |
| Capitellide                      |             |                     |     |     |
| <i>Heteromastus filiformis</i>   |             | 0,3                 | 0   | 0,2 |
| <i>Mediomastus fragilis</i>      |             | 0,3                 | 5   |     |
| <i>Notomastus latericeus</i>     |             |                     | 0,4 |     |
| Cirratulidae                     |             |                     |     |     |
| <i>Chaetozone setosa</i>         |             | 3,0                 | 3,0 | 6,2 |
| Cossuridae                       |             |                     |     |     |
| <i>Cossura longocirrata</i>      |             | 3,0                 | 0,4 | 3,8 |
| Dorvilleidae                     |             |                     |     |     |
| <i>Parougia negridentata</i>     |             | 1,0                 |     | 1,4 |
| Goniadidae                       |             |                     |     |     |
| <i>Goniada maculata</i>          |             |                     | 0,2 |     |
| Hesionidae                       |             |                     | 0,2 |     |
| <i>Microphthalmus aberrans</i>   |             | 0,3                 |     | 0,2 |
| <i>Nereimyra punctata</i>        |             |                     | 0,4 |     |
| Lumbrineridae                    |             |                     |     |     |
| <i>Lumbrineris sp.</i>           |             | 1,7                 | 0,2 |     |
| <i>Lumbrineris mixochaeta</i>    |             | 1,7                 | 0,4 | 0,2 |
| Maldanidae                       |             |                     | 1,6 | 0,6 |
| <i>Maldane sarsi</i>             |             |                     | 4,2 |     |
| <i>Praxillella sp(p)</i>         |             |                     |     | 0,6 |
| <i>Praxillella gracilis</i>      |             | 0,7                 |     |     |
| <i>Praxillella praetermissa</i>  |             | 1,3                 |     | 1,0 |
| Nephtyidae                       |             |                     |     |     |
| <i>Nephtys sp(p).</i>            |             | 2,3                 | 0,7 | 4,8 |
| Onuphidae                        |             |                     |     |     |
| <i>Nothria conchylega</i>        |             |                     | 0,4 |     |
| Orbiniidae                       |             |                     |     |     |
| <i>Scoloplos armiger</i>         | Roðamaðkur  | 2,0                 | 2,4 | 7,0 |
| Oweniidae                        |             |                     |     |     |
| <i>Owenia fusiformis</i>         |             |                     | 0,2 |     |
| <i>Galathowenia oculata</i>      |             | 3,0                 | 3,8 | 3,6 |
| Paraonidae                       |             |                     |     |     |
| <i>Paraonis sp.</i>              |             |                     |     | 1,0 |
| <i>Levinsenia gracilis</i>       |             | 1,3                 | 1,2 | 2,4 |
| Pholoidae                        |             |                     |     |     |
| <i>Pholoe sp(p).</i>             |             | 1,0                 | 2,0 | 6,8 |
| Phyllodocidae                    |             |                     |     | 0,2 |
| <i>Eteone longa</i>              | Leirulaufi  | 2,0                 | 0,2 | 3,8 |
| Pectinariidae                    |             |                     |     |     |
| <i>Pectinaria sp.</i>            |             |                     |     | 0,4 |
| Polynoidae                       |             |                     |     |     |
| <i>Harmothoe imbricata</i>       |             |                     | 0,2 |     |
| <i>Gattyana cirrhosa</i>         |             |                     | 0,2 |     |
| Sabellidae                       |             | 4,7                 | 0,6 | 0,8 |
| <i>Euchone sp(p).</i>            |             | 4,3                 | 0,2 | 5,6 |
| Scalibregmatidae                 |             |                     |     |     |
| <i>Scalibregma inflatum</i>      |             | 0,7                 |     | 0,4 |
| Sphaerodoridae                   |             |                     |     | 0,4 |
| <i>Sphaerodoropsis cf minuta</i> |             | 1,0                 |     |     |

| Fylking – Hópur – Ætt - tegund             | Íslenskt    | Skagaströnd stöðvar |           |           |
|--|-------------|---------------------|-----------|-----------|
|  |             | G                   | H         | I         |
| <i>Sphaerodoridium cf claparede</i>        |             | 0,7                 |           | 0,8       |
| Spionidae                                  |             |                     |           |           |
| <i>Spio sp(p).</i>                         |             |                     | 0,2       | 3,2       |
| <i>Spio cf filicornis</i>                  |             | 0,3                 | 1,4       |           |
| <i>Spio cf limicola</i>                    |             | 2,0                 | 0,2       | 0,8       |
| <i>Prionospio steenstrupi</i>              |             | 91,7                | 1,2       | 27,8      |
| Sternaspidae                               |             |                     |           |           |
| <i>Sternaspis scutata</i>                  |             | 1,3                 |           | 1,8       |
| Syllidae                                   |             |                     | 0,6       |           |
| <i>Exogone hebes</i>                       |             |                     |           |           |
| <i>Exogone verugera</i>                    |             | 4,0                 |           |           |
| <i>Syllides cf longocirratu</i>            |             | 0,3                 |           | 0,6       |
| <i>Syllis sp(p).</i>                       |             | 1,0                 |           |           |
| Terebellidae                               |             |                     | 0,4       | 0,4       |
| <i>Leaena ebranchiata</i>                  |             |                     | 0,2       |           |
| Trichobranchidae                           |             |                     |           |           |
| <i>Terebellides stroemii</i>               |             | 2,0                 |           | 0,4       |
| <b>Arthropoda</b>                          |             |                     |           |           |
| Crustacea                                  | Krabbadýr   |                     |           |           |
| Copepoda                                   | Árfætlur    |                     | 0,2       |           |
| Calanoida                                  |             | 0,3                 | 0,2       |           |
| Ostracoda                                  | Skelkrabbar |                     |           |           |
| Amphipoda                                  | Marflær     | 0,7                 | 0,4       | 3,0       |
| <i>cf Monoculodes sp(p).</i>               |             | 1,6                 | 0,4       | 0,2       |
| <i>Harpina sp</i>                          |             |                     | 0,2       |           |
| <i>Ischyrocerus anguipes</i>               |             |                     | 0,2       |           |
| cf Lysianassidae                           |             |                     | 0,2       |           |
| Oedicerotidae                              |             |                     |           | 1,0       |
| Cumacea                                    | Pungrækjur  |                     |           |           |
| <i>Diastylis sp.</i>                       |             |                     |           | 0,2       |
| <i>Leucon sp(p).</i>                       |             |                     |           | 0,6       |
| <i>Campylaspis cf horrid</i>               |             |                     |           | 0,6       |
| <i>Eudorella emarginata</i>                |             | 0,3                 |           | 0,4       |
| Mysida                                     | Agnir       | 0,3                 |           |           |
| Tanaideacea                                | Þvengflær   | 0,7                 |           | 0,2       |
| <b>Echinodermata</b>                       | Skrápdýr    |                     |           |           |
| Asteroidea                                 |             |                     |           |           |
| cf Asteroidea                              |             |                     | 0,2       |           |
| Holothuroidea                              |             |                     |           |           |
| <b>Hemichordata</b>                        |             | 1,0                 |           |           |
| <b>Chordata</b>                            | Seildýr     |                     |           |           |
| Tunicata                                   | Möttuldýr   |                     | 0,6       |           |
| <b>Fjöldi tegunda/hópa (lámaks fjöldi)</b> |             | <b>40</b>           | <b>56</b> | <b>43</b> |

Í Skagafirði voru fleiri hópar/tegundir á stöð K en á stöð J. Engin ein tegund var áberandi á stöð K en þó var mest af burstaormstegundunum *Maldane sarsi* og *Chaetozone setosa*. Á stöð J var það burstaormstegundin *Prionospio steenstrupi* algengust ásamt gljáhnyttu (tafla 6).

Tafla 6. Meðal fjöldi botnlægra hryggleysingja af mismunandi tegundum eða hópum á tveimur stöðvum í Skagafirði. Fjöldi sýna fimm.

| Fylking-hópur-ætt-tegund         | Íslenskt         | Skagafjörður stöðvar |     |
|----------------------------------|------------------|----------------------|-----|
|                                  |                  | J                    | K   |
| <b>Nemertea</b>                  | <b>Ranaormar</b> | 6                    | 5,8 |
| <b>Sipuncula</b>                 |                  |                      | 0,2 |
| <b>Cnidaria</b>                  | <b>Hveldýr</b>   |                      |     |
| Anthozoa                         | Sæfifill         |                      |     |
| <i>Telia felina</i>              |                  |                      | 0,2 |
| <b>Mollusca</b>                  | <b>Lindýr</b>    |                      |     |
| Bivalvia                         | Samlokur         |                      | 0,8 |
| Bivalvia                         |                  |                      |     |
| Arcticidae                       |                  |                      |     |
| <i>Arctica islandica</i>         | Kúfiskel         |                      | 1,0 |
| Astartidae                       | Gimburskeljaætt  |                      |     |
| <i>Astarte sp(p)</i> .           |                  |                      | 0,8 |
| Mytilidae                        |                  |                      |     |
| <i>Mytilus edulis</i> juv.       | Kræklingur       |                      | 0,6 |
| <i>Musculus discors</i>          | Silkihadda       |                      | 0,2 |
| <i>Crenella decussate</i>        | Auðnuskel        |                      | 1,2 |
| Nuculanidae                      |                  |                      |     |
| <i>Nuculana pernula</i>          | Trönuskel        | 6                    | 0,4 |
| Nuculidae                        |                  |                      |     |
| <i>Ennucula tenuis</i>           | Gljáhnytla       | 46,8                 | 4,0 |
| Semelidae                        |                  |                      |     |
| <i>Abra nitida</i>               | Lýsuskel         |                      | 0,8 |
| Tellinidae                       |                  |                      |     |
| <i>Macoma calcarea</i>           | Hallloka         | 0,2                  |     |
| Thyasiridae                      |                  |                      |     |
| <i>Thyasira flexuosa</i>         | Hrukkubúlda      | 0,4                  | 0,8 |
| Cylichnidae                      |                  |                      |     |
| <i>Cylichna alba</i>             | Hvítstúfa        |                      | 0,2 |
| Mangelidae                       |                  |                      |     |
| <i>Curtitoma trevelliiana</i>    | Gárabeli         |                      | 0,2 |
| Retusidae                        |                  |                      |     |
| <i>Retusa pertenuis</i>          | Toppsnubba       |                      | 0,6 |
| Velutinidae                      |                  |                      |     |
| <i>Velutina lanigera</i>         | Loðkúfa          |                      | 0,2 |
| Scaphopoda                       | Sætönn           |                      |     |
| <i>Antalis entails</i>           |                  |                      | 0,2 |
| <b>Annelida</b>                  | <b>Liðdýr</b>    |                      |     |
| Clitellata                       |                  |                      |     |
| Oligochaeta                      | Ánar             | 1,2                  |     |
| <i>Tubificoides kozloffii</i>    |                  |                      |     |
| Hirundea                         | Iglur            |                      |     |
| Polychaeta                       | Burstaormar      |                      |     |
| Ampharetidae                     |                  |                      |     |
| <i>Glyphanostomum pallescens</i> |                  |                      | 0,4 |
| <i>Melinna cristata</i>          |                  | 0,8                  |     |
| <i>Ampharete petersenae</i>      |                  | 0,2                  |     |
| Capitellide                      |                  |                      |     |
| <i>Heteromastus filiformis</i>   |                  | 0,2                  |     |
| <i>Mediomastus fragilis</i>      |                  |                      | 0,4 |
| <i>Notomastus latericeus</i>     |                  |                      |     |

| Fylking-hópur-ætt-tegund            | Íslenskt   | Skagafjörður stöðvar |      |
|-------------------------------------|------------|----------------------|------|
|                                     |            | J                    | K    |
| Cirratulidae                        |            | 1,0                  |      |
| <i>Chaetozone setosa</i>            |            | 3,2                  | 25,4 |
| Cossuridae                          |            |                      |      |
| <i>Cossura longocirrata</i>         |            | 3,2                  | 3,8  |
| Dorvilleidae                        |            |                      |      |
| <i>Parougia negridentata</i>        |            | 2,4                  | 1    |
| Flabelligeridae                     |            |                      |      |
| <i>Diplocirrus cf longisetosus</i>  |            |                      | 1,2  |
| Hesionidae                          |            |                      |      |
| <i>Microphthalmus aberrans</i>      |            | 0,2                  | 11,4 |
| Lumbrineridae                       |            |                      |      |
| <i>Lumbrineris mixochaeta</i>       |            | 0,2                  | 2,4  |
| <i>Scoletoma fragilis</i>           |            | 0,2                  |      |
| Maldanidae                          |            |                      |      |
| <i>Maldane sarsi</i>                |            | 0,2                  | 30,8 |
| <i>Praxillella gracilis</i>         |            | 0,8                  |      |
| <i>Praxillella praetermissa</i>     |            | 0,8                  |      |
| <i>Rhodine gracilior</i>            |            |                      | 0,2  |
| Nephtyidae                          |            |                      |      |
| <i>Nephtys sp(p).</i>               |            | 1,2                  | 0,6  |
| Onuphidae                           |            |                      |      |
| <i>Nothria conchylega</i>           |            |                      | 0,8  |
| Opheliidae                          |            |                      |      |
| <i>Ophelina acuminata</i>           |            | 1,0                  |      |
| Orbiniidae                          |            |                      |      |
| <i>Scoloplos armiger</i>            | Roðamaðkur | 0,8                  | 12,2 |
| Oweniidae                           |            |                      |      |
| <i>Owenia fusiformis</i>            |            |                      | 1,8  |
| <i>Galathowenia oculata</i>         |            | 8,0                  |      |
| Paraonidae                          |            |                      |      |
| <i>Levinsenia gracilis</i>          |            | 0,2                  | 2,2  |
| Pholoidae                           |            |                      |      |
| <i>Pholoe sp(p).</i>                |            | 0,2                  | 7,2  |
| <i>Pholoe inornata</i>              |            |                      | 3    |
| Phyllodocidae                       |            |                      | 0,2  |
| <i>Eteone longa</i>                 | Leirulaufi | 0,4                  | 2,2  |
| Polynoidae                          |            |                      | 0,2  |
| <i>Harmothoe imbricata</i>          |            |                      | 0,2  |
| Sabellidae                          |            |                      | 0,2  |
| <i>Euchone sp(p).</i>               |            | 5,4                  | 2,2  |
